

Örríki geta blómstrað

Þorvaldur Gylfason¹
prófessor emeritus í hagfræði
Háskóla Íslands

Er Ísland of lítið? Erum við of fámenn? Þarf tiltekinn lágmarksfjölda íbúa til að ríki geti blómstrað til langframa? Sé svo, hver er þá þessi lágmarksfjöldi?

Hér á eftir langar mig að kynna sögusagnir af smáríkjum og sönnunargögn af vísindalegum toga sem styðja svör mín við ofangreindum fjórum spurningum, en svörin eru nei, nei, já og um það bil 50 þúsund. Ef svörin eru rétt, eru hvorki Færeyjar né Ísland of fámenn lönd til að standa á eigin fótum í samfélagi þjóðanna. Örríki geta blómstrað og gera það iðulega. Þess eru fjölmörg dæmi. Jóhannes Jacobsen hefði næstum örugglega ekki orðið hissa ef marka má rit hans með Stefan í Skorini, *Á veg móti einum sjálfberandi búskapi* (2010).

Stór ríki og smá

Það er algeng skoðun að Ísland sé stærra en raunin er. Á landakortum virðist Ísland oft næstum eins stórt og Spánn þó að Spánn sé að flatarmáli um fimm sinnum stærra en Ísland. Og Grænland lítur út fyrir að vera næstum eins stórt og öll Afríka þótt það sé í raun minna en Súdan. — Já, Súdan! Þetta stafar af því, eins og við vitum, að mörg heimskort ýkja stærð landa sem liggja nálægt Norðurheimskautinu, og Suðurpólnum reyndar líka ef út í það er farið.

Ísland er reyndar meðalstórt land að flatarmáli. Af gróflega 200 ríkjum heims eru um 100 minni en Ísland og önnur 100 eru stærra. Miðað við fólksfjölda aftur á móti er Ísland klárlega örríki, en þó ekki agnarsmátt. Um 40 ríki hafa færri íbúa en Ísland. Sæmilegur fjöldi.

¹ Enskur frumtexti þessarar ritgerðar birtist í minningarriti um færeyska hagfræðinginn Jóhannes Jacobsen, *For the Common Good, In Memory of Jóhannes Jacobsen*, Fróðskapur, Þórshöfn í Færeyjum 2023. Hjörtur Hjartarson sagnfræðingur þýddi textann á íslensku. Höfundurinn þakkar honum ásamt Eiði Snorra Bjarnasyni, Gylfa Zoega, Hermann Oskarsson, Jeffrey Frankel, Jeffrey Sachs, Lars Jonung, Robert Wade, Þorkatli Helgasyni og Þórólfi Matthíassyni fyrir gagnlegar athugasemdir við fyrri gerðir textans.

Fjöldi sjálfstæðra ríkja hefur aukist mjög síðan 1946, eða úr 76 í 195, sem er núverandi fjöldi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Þegar heimsvaldastefna nýlenduveldanna fór halloka á árunum fram undir 1950 hlaut sjálfstæðum ríkjum að fjölga. Frá 1960 til 1964 urðu til 25 ný ríki í Afríku einni saman. Hrun kommúnismans jók fjölda sjálfstæðra ríkja í Austur-Evrópu um 10 og í Vestur-Asíu um sex. Næstum helmingur ríkja heims er minni — það er með færri íbúa — en Danmörk með sínar 5,9 milljónir. Heimurinn er í auknum mæli safn smáríkja. Evrópusambandið hefur smám saman orðið að sambandi smáríkja sem blómstra í krafti aðgangs að stórum sameiginlegum innri markaði og innleiðingar á sameiginlegri löggjöf og regluverki sem ætlað er að efla vænlega stjórnarhætti.

Hinn mikli sænski hagfræðingur Knut Wicksell (1851-1926) varð ef til vill fyrstur hagfræðinga til að tala um „heppilegasta íbúafjölda lands“ frá sjónarmiði ný-Malthusanisma.² Hann rakti margvísleg efnahagsvandamál Svíþjóðar til of mikils fólksfjölda og hélt því fram að heppilegasti fólksfjöldinn fyrir Svíþjóð — sem vaxið hafði úr 3,5 í sex milljónir á dögum Wicksells — væri um þrjár milljónir (Wicksell, 1926).

Þjóðskáldið Einar Benediktsson (1864-1940) sagði í kringum aldamótin 1900 að fámennið væri „mesta félagsböl Íslendinga“. Hann og fleiri lögðu til að Ísland flytti inn útlent vinnuafli til að stækka landið. Þeir sáu enga leið til þess að Íslendingum byðust góð og ásættanleg lífskjör til langs tíma litið nema með því að laða innflytjendur til landsins þannig að lágmarksfólksfjölda yrði náð, sem var áætlaður um 100 þúsund manns. Fjöldi sem ekki náðist á Íslandi fyrr en 1926 og langt undir heppilegasta fólksfjölda Wicksells.

Í Aþenu til forna voru íbúar 200 þúsund og þeim farnaðist vel. Feneyjar og Flórens blómstuðu á miðöldum með 115 þúsund og 70 þúsund íbúa, en bæði borgríkin voru vel í sveit sett og bjuggu ekki við miklar fjarlægðir frá næstu nágrönnum og háan flutningskostnað eins og Ísland. Þau höfðu ráð á að vera lítil. Þau gáttu bætt sér upp fólksfæðina með umfangsmiklum viðskiptum við aðrar borgir og nærliggjandi héruð. Ísland þurfti aftur á móti fleira fólk til að bæta sér upp óþægindi og óhagræði sem stafaði af óhagkvæmni smæðarinnar og löngum verslunarleiðum til annarra landa.

² Hér er vísað til enska hagfræðingsins og prestsins Thomas Malthus (1766-1834) sem hélt því fram að fólksfjöldi yxi af náttúrulegum ástæðum hraðar en næmi aukningu fæðuframléiðslu svo að draga þyrfti úr fólksfjölgun til að komast hjá mannfækkun af hallærum.

Innhverfir gegn úthverfum

Á þeim tíma sem deilur stóðu um þetta setti margt fólk — þið getið kallað það innhverft, eða verndarsinna — sig upp á móti innflutningi á miklum fjölda fólks á þeirri forsendu að það myndi ógna sjálfsvitund þjóðarinnar, tungumáli og menningu. Þau höfðu ekki gleymt því að á 18. öld hafði hin forna tunga Íslendinga næstum horfið líkt og urðu örlög þrússnesku. Síðar hvarf tungumál Íra næstum alveg líka en rétt hafði það af og stendur eftir sem opinbert mál á Írlandi, talað af um 2% íbúa landsins. Hvað sem því líður stendur íslenskan enn styrkum fótum þótt sótt sé að henni. Á sama tíma virtust innhverfir hafa gleymt því að á árunum 1870-1914 flutti fimmti hluti — sumir segja fjórðungur — íbúa landsins til Ameríku, þar sem þeim var tekið opnum örmum.

Úthverfir litu málið öðrum augum. Þeir sáu fyrir sér að fjölgun þeirra sem töluðu íslensku um þúsundir, jafnvel tugi þúsunda, gæti orðið vítamínsprauta fyrir þjóðarvitund, þjóðlegan metnað og menningu. Í grunninn töldu þeir villandi að stilla útlendu verkafólki og þjóðlegri reisn upp sem andstæðum.

Hinir innhverfu unnu slaginn. Þeir héldu uppteknum hætti og beittu andúð sinni á innflutningi fólks sem rökum gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) snemma á 10. áratugnum. Þeir höfðu aftur sigur með því að á Íslandi, ólíkt því sem gerðist í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, var ekki haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að ESB 1994, jafnvel þótt — eða kannski vegna þess — að skoðanakannanir sýndu að meiri hluti kjósenda var hlynntur inngöngu. Þrátt fyrir þetta gerðist Ísland aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) 1995. Þetta gjörbreytti landslaginu með því að landið varð hluti sameiginlegs vinnumarkaðs Evrópu, sem létti á langvarandi launaþrýstingi á innlendum vinnumarkaði og hjálpaði til við að draga úr verðbólgu. Breytingin varð hröð. Árið 2019 voru 18% íbúa landsins fæddir utanlands, frá því að vera 5% árið 2000 og 2% árið 1960. Til samanburðar voru 10% íbúa Danmerkur fæddir í útlöndum árið 2019, 14% í Bandaríkjunum og Stóra-Bretlandi, 16% í Noregi og 20% í Svíþjóð (heimild: OECD).

Ferðaiðnaðurinn, sem dregur til sín mikinn fjölda erlends verkafólks, hefur orðið mikilvægasta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein landsins með vaxandi gjaldeyriskjóm ári frá ári (26% af heildargjaldeyriskjóm 2022), meiri tekjum en fást af hvort heldur sjávarútvegi (24%) eða áliðnaði (21%). Víglínurnar í deilum um innflutning vinnuafis hafa færst til nú þegar útlent verkafólk leggur svo mikilvægan skerf til íslensks efnahagslífs. Ekki aðeins í ferðaiðnaði heldur einnig í sjávarútvegi og jafnvel áliðnaði. Sem fyrr horfa úthverfir lengra út fyrir landsteinana. Þeir fagna nýmælum fjölmenningar

í íslensku samfélagi og vilja stækka landið. Innhverfir horfa inn á við og um öxl með eftirsjá eftir liðnum tíma og vilja halda uppi vörnum gegn útlendum áhrifum. Þeir vilja að Ísland verið áfram fámennnt örríki með einsleitum íbúum.

Úthverfir sjá þetta sem villandi samsömun og telja að stækkun Íslands krefjist einskis afsláttar á sjálfsvitund þjóðarinnar. Þeir spyrja: Hefur aðild að ESB grafið undan þjóðlegri sjálfsvitund einhvers núverandi aðildarríkis? Eru Danir minni Danir en þeir voru áður? Svárið er nei (Gylfi Þ. Gíslason, 1984).

Of smá?

Smæð fylgja bæði kostir og gallar (Alesina og Spolare, 2003; Frankel, 2012). Grísku heimspekingarnir Plató og Aristóteles útmáluðu kostina. Plató hélt því fram að réttur fjöldi heimila í hverju ríki væri 5.040 (þetta er ekki prentvilla). Ef dæmigerður fjöldi fólks á heimili væri 10 manns (börn, gamalmenni, þrælar og aðrir), væri heppilegasti fjöldi íbúa í hverju ríki um 50 þúsund manns. Plató vildi ekki hafa íbúafjöldann meiri en svo að landið gæti borið hann. Aristóteles trúði því að hvert ríki yrði að vera nógu smátt til að hægt væri að stjórna því og líka nógu stórt til að geta séð sér farborða.

Smáríki eru almennt samheldnari en stærri ríki og hafa þannig styrkari stjórn á málum sínum, ótrufluð af deilum og sundrunu sem einkenna sum stærri ríki, en þó ekki Japan. Þar sem þau hafa færri skattgreiðendur til að standa straum af almannaþjónustu og leggja út fyrir föstum kostnaði þurfa smáríki að bæta sér upp óhagræði smæðarinnar með skynsamlegri stjórn, þar á meðal hagstjórn, en stærri nágrannaríki telja hag sínum oft betur borgið með því að greiða ýmsan fastan kostnað þeirra, til dæmis vegna varnarmála (koma þá upp í hugann Ísland og NATO, Færeyjar og Danmörk).

Spence o. fl. (2008) lýsa þessu skýrt og skörinort:

„Efnahagslíf heimsins er alsett miklum fjölda örríkja þar sem kostnaður á hvern íbúa við stjórnsýslu og almannaþjónustu er óhjákvæmilega hár. Vegna smæðar sinnar geta þau illa aukið fjölbreytni í efnahagslífi sínu, sem gerir þau mjög berskjölduð fyrir utanaðkomandi áföllum. Svárið við þessu er að taka heimsviðskiptum opnum örmum, mynda svæðisbundin ríkjasambönd og útvista sumum stjórnsýsluverkefnum.“

Ýmsir sem skoðað hafa málið kenna smæð Íslands um bankahrúnið 2008, sömuleiðis um sögu langvarandi verðbólgu og aðra efnahagslega óáran í landinu og draga í efa getu Íslendinga til að standa á eigin fótum sem fullvalda ríki og reka

velmegandi og heilbrigt samfélag. Þeir halda því fram að örríki hljóti að gjalda fyrir skort á hæfu vinnuafli og lágmarksfólksfjölda, og bæta því stundum við að örríki geti ekki fætt af sér fólk eins og Mozart.

En fæðingarstaður Mozarts, Salzburg, náði ekki meintum lágmarksfjölda, 100.000 íbúum, fyrr en árið 1950 — 200 árum eftir að Mozart fæddist! Mozart er hér hafður fyrir strámann. Snillingar á borð við hann gefa lífinu lit, rétt er það, en þeir eru ekki ómissandi. Fólk er yfirleitt alls staðar eins, hvort sem er í smáum ríkjum eða stórum. Eini munurinn sem skiptir máli er sá að sum ríki hugsa betur um íbúa sína en önnur. Málið snýst um efnahagslega- og þjóðfélagslega þróun fremur en fjölda íbúa. Grunnþættirnir eru hinir sömu alls staðar. Landshættir og saga skipta líka máli.

Efasemdarfólkið bætir því stundum við að í örríkjum, þar sem allir þekkja alla, sé tilhneiging til fáveldis, klíkuskapar, innherjaviðskipta, frændhygli (öðru nafni nápot) og annarra tegunda spillingar sem og refsileysis í skjóli vitorðsmanna í hópi saksóknara og dómara. Ennfremur gætu stjórnvöld í örríkjum átt auðveldara með yfirráð yfir fjölmiðlum (Þorvaldur Logason, 2023). En bíðum við: Sú staðreynd að allir þekkja í raun alla og hvað þeir eru að bralla ætti þvert á móti að gera það auðveldara, ekki erfiðara, að hafa stjórn á spillingu í ýmsum myndum. Víðtæk spilling á Indlandi, í Kína, Indónesíu, Pakistan, Brasilíu, Nígeríu, Bangladess, Rússlandi og Mexíkó, til að nefna 9 fjölmennustu ríki heims í stærðarröð, verður ekki rakin til fámennis. Líklegra er að skorti á lýðræði sé að hluta til um að kenna; í nýjustu stigagjöf frá Freedom House fyrir pólitísk réttindi og borgaralegt frelsi í þessum ríkjum er meðaltalið 45 af 100 mögulegum, 9 í Kína og 73 í Brasilíu.

Til viðbótar við augljósa ókosti örsmæðar (færri skattgreiðendur að baki þjóðarsinfóníu og svo framvegis),³ er sumt efasemdarfólk á Íslandi með í huga meðvirknismenningu sem það rekur til smæðarinnar. Nægir að nefna eitt dæmi.

Í bankahruninu 2008 hélt Seðlabankinn áfram að moka peningum í botnlausu hit fallinna banka. Háttsettir seðlabankastarfsmenn unnu eiða að því frammi fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 2010 að þeir hefðu gert sér grein fyrir því þegar árið 2006, tveimur árum fyrir Hrun, að viðskiptabankarnir væru í raun Ponzi-svikamyllur og dæmdir til að falla. Þrátt fyrir það lánaði Seðlabankinn Kaupþingi, í september 2008,

³ Ónefndur vinur minn heldur langan lista. Einn ókosturinn við smæðina, segir hann, er að maður er alltaf að rekast á fyrrverandi elskhuga. Ég segi honum að það sama eigi við um Manhattan, spurðu bara Woody Allen.

allan haldbæran gjaldeyrisforða landsins, 500 milljónir evra. „Til stóð að ganga frá lánessamningi í beinu framhaldi af undirritun veðyfirlýsingarinnar en vegna þeirrar atburðarásar sem hófst með setningu neyðarlaganna síðar þennan sama dag varð aldrei af því,“ eins og fram kemur í [skýrslu Seðlabankans](#) sjálfs. Svo sem skjalfest hefur verið opinberlega, þá rann þriðjungur lánsins rակleitt til Tortólu.

Enginn af stjórnendum Seðlabankans sem báru vitni frammi fyrir rannsóknarnefnd Alþingis árið 2010 leystu frá skjóðunni fyrir en eftir Hrun. Hvers vegna? Ef til vill vegna þess að þeir gátu ekki leitað neitt annað. Kannski óttuðust þeir það sem Þjóðverjar kalla *Berufsverbot*, að missa vinnuna og fá ekkert að gera heima fyrir. Vissulega er auðveldara að beita slíku gerræði í smáu ríki en stóru. Þýskalandi, sem þá var stórt líkt og nú, tókst þó augljóslega að beita *Berufsverbot* gegn meintum óvinum ríkisins á 4. áratug síðustu aldar. Einræðisríki geta verið hvort heldur stór eða smá.⁴

Berum þetta saman við ástandið í forsetatíð Lyndons B. Johnson í Hvíta húsinu á 7. áratug síðustu aldar þegar nokkrir háttsettir embættismenn hans sögðu af sér til að mótmæla stríðinu í Víetnam, sem leiddi að lokum til þess að forsetinn sóttist ekki eftir útnefningu flokks síns fyrir forsetakosningarnar 1968. Þessir embættismenn Hvíta hússins gátu gert þetta vegna þess að þeir höfðu að öðru að hverfa, gátu snúið sér til annarra vinnuveitenda. En er það stærðin sem skiptir hér máli? Varla. Lítum til Rússlands, þar sem svipaðir atburðir eiga sér stað í Kreml í þessum skrifuðum orðum. Þeir rússnesku embættismenn sem kusu að segja af sér til að mótmæla stríðinu í Úkraínu geta hvergi farið nema til útlanda eða haft enn verra af. Þetta er ekki vegna þess að Rússland sé smáríki heldur vegna þess að þar er einræði ríkjandi.

Af þessum röksemdum, með og á móti, má ráða að við þurfum að spyrja: Hvort vega þyngra kostirnir eða gallarnir við smæðina? Hvað segja talnagögnin?

Miðsókn eða miðflótti

Tölum fyrst um þetta: Af hverju er Evrópa ekki eitt ríki?

Fólk er ólíkt og hefur mismunandi hugmyndir, óskir og þarfir. Þess vegna eru ríki heimsins svo mörg og misstór. Krafan um aukin lífsgæði með hagkvæmum og stórtækum aðgerðum kallar á samruna og yfirtökur. Leit fólks eftir samneyti við eigið fólk sem deilir með því sömu menningu, sögu og talar sama tungumál gengur þvert á

⁴ Freedom House gefur Aserbaídsjan (íbúafj. 9 milljónir) og Kína (íbúafj. 1,4 milljarðar) sömu 9 stigum af 100 mögulegum fyrir pólitísk réttindi og borgaralegt frelsi.

kröfur stórfyrirtækja. Það dugir ekki að hafa ríki sem eru of fjölmenn eða of fámenn vegna þess að fjölmenn ríki, að Japan undanskildu, eru venjulega byggð fjölbreytilegum íbúahópum og mikill fjölbreytileiki þeirra getur leitt til sundrunar og staðið í vegi fyrir hagsæld fólks og framförum. Ólíkir hópar kjósa mismikil sameiginleg útgjöld, mismunandi samfélagsþjónustu, misþunga skattlagningu og svo framvegis. Samt hefur fjölbreytt samsetning íbúa Bandaríkjanna ekki bitnað á almennum lífsgæðum þar og sama á við um Kína. Örríki geta blómstrað ef smæðinni fylgir samkennd og samheldni. Smáríki þurfa samt sem áður ekki endilega að vera einsleit. Míritíus og Singapúr eru dæmi um smáríki með íbúa af fjölbreyttum uppruna sem lifa saman í sátt og samlyndi. Samlyndi og samstaða ríkja samt ekki alltaf hjá smáþjóðum. Íslendingar geta til dæmis verið talsvert þrætugjarnir.

Reynslan sýnir að smáríkjum og jafnvel örríkjum getur farnast eins vel og stórum ríkjum, og stundum betur, að því tilskildu að þau bæti fyrir óhagkvæmni smæðarinnar með víðtækum viðskiptum við önnur lönd. Miðsóknaröfl toga ríki í átt til aukinnar samvinnu og sameiningar og draga þannig úr fjölda landa af efnahagslegum ástæðum. Miðflóttöfl hafa hins vegar tilhneigingu til að skipta ríkjum í smærri einingar og auka þannig fjölda landa, einnig af efnahagsástæðum. Miðsækin öfl höfðu yfirhöndina í Evrópu á síðari hluta 19. aldar. Ítalía varð eitt ríki 1861 með sameiningu nokkurra smáríkja og Þýskaland fylgdi í kjölfarið 1871. Á þessum tíma voru sumir á því að Belgía og Portúgal væru of smávaxin til að standa á eigin fótum. Taflíð snerist við á 20. öld og miðflóttöfl náðu undirtökunum með auknum alþjóðaviðskiptum, sem gerði smáríkjum kleift að bæta sér upp skort á mannafla með víðtækum viðskiptum við önnur lönd, sérstaklega nágrannaríki. Ísland fékk heimastjórn 1904, varð fullvalda 1918 og lýsti yfir sjálfstæði 1944.

Mörg örríki hafa blómstrað í gegnum tíðina, drifin áfram að alþjóðaviðskiptum. Án nægra utanríkisviðskipta myndu mörg smáríki reynast of óskilvirk vegna smæðar sinnar. Mörg þeirra myndu líklega komast að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að sameinast stærri ríkjum af efnahagsástæðum. Víðtæk alþjóðaviðskipti leysa vanda smáríkja með því að gera þeim kleift að notfæra sér stærðarhagkvæmni í verslun og viðskiptum. Alþjóðaviðskipti hafa í gegnum tíðina átt þátt í að fjölga sjálfstæðum smáríkjum. Hluttur alþjóðaviðskipta í heimsframleiðslunni jókst úr 25% árið 1970 í 57% árið 2021. Meðaltal íbúafjölda í sex stofnríkjum Evrópusambandsins nam 41 milljón árið 1960. Meðalfjöldi núverandi 27 ríkja ESB er 17 milljónir. Til samanburðar, þá var

meðaltal íbúafjölda í þeim 217 ríkjum sem eiga aðild að Alþjóðabankanum 37 milljónir árið 2022 (24 milljónir ef Indland og Kína eru undanskilin).

Íslendingar gerðu rétt með því að lýsa yfir fullu sjálfstæði 1944, jafnvel þótt tímasetningin hafi ekki verið sem heppilegust; Danmörk hernumin af Þjóðverjum og gat ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Engir efnahagsörðugleikar munu nokkurn tímann verða til þess að vekja efasemdir um þessa viturlegu ákvörðun. Fámenni þjóðarinnar þarf ekki að standa í vegi fyrir farsælu fullveldi, örum vexti og viðgangi efnahagslífsins, almennri velmegun og góðum stjórnarháttum. Jafnvel þótt færa mætti fyrir því rök, líkt og Einar Benediktsson gerði, að fjölgun íbúa yrði landinu til hagsbóta. Mörg okkar sem aðhyllast aðild Íslands að Evrópusambandinu sjá það sem skref í átt að stækkun landsins.

Þegar Íslendingar lýstu yfir sjálfstæði 1944 voru þeir 126 þúsund. Tekjur á hvern íbúa voru aðeins brot af því sem þær eru núna. En það skiptir í raun ekki máli. Lágur tekjur eru almennt ekki gild ástæða gegn því að lýsa yfir sjálfstæði. Ríki lýsa yfir sjálfstæði af svipuðum ástæðum og ungt fólk fer með glöðu geði að heiman til að stofna sitt eigið heimili. Það er hið fullkomna og hversdagslega form sjálfstæðisyfirlýsingar. Umskiptin til sjálfstæðis geta að sönnu verið kostnaðarsöm, en slíkur kostnaður var ekki vandamál á Íslandi 1904 eða 1918 og síst af öllu 1944, þegar „blessað stríðið“, eins og sumir kölluðu heimsstyrjöldina síðari, færði landinu mikinn efnahagsuppgang. BREXIT er öðruvísi að því leyti að það hefur reynst íbúum Bretlands nokkuð kostnaðarsamt.

Smáríki hafa styrkt stöðu sína á síðustu árum með auknum alþjóðaviðskiptum. Án utanríkisviðskipta næðu þau ekki þeirri skilvirkni sem þarf til að vega upp á móti óhagstæðum íbúafjölda. Mörg þeirra myndu því hugsanlega sjá sig tilneydd að sameinast stærri ríkjum af efnahagsástæðum. Viðfeðm verslun léttir þessari nauðsyn af smáþjóðum með því að gera þeim kleift að notfæra sér stærðarhagkvæmni í gegnum viðskipti við önnur lönd.

Áframhaldandi viðskipti við Evrópu eru eitt lykilatriðið í kröfum Katalóníu og Skotlands um fullt sjálfstæði frá Spáni og Stóra-Bretlandi, með áframhaldandi eða endurnýjaðri aðild að ESB. Af þessu má ráða hve fارانlega það lætur í eyrum Skota, með sínar 5,2 milljónir íbúa, aðeins færri en Danir og Norðmenn, og Katalóna, sem eru 5,8 milljónir, þegar yfirvöld í London og Madríd halda því fram að þeir séu of fámennir til að vera sjálfstæðir.

Þótt kostir örsmæðar geti í sumum tilfellum, jafnvel í mörgum tilfellum, vegið þyngra en stærðarhagkvæmni sem fjölmenn ríki njóta, þá geta þeir verið mismunandi eftir ríkjum og oltið á mörgum þáttum. Meðal annars því hvort ríkið er (a) staðsett við meginverslunarleiðir og í hæfilegri fjarlægð frá helstu mörkuðum eða ekki, (b) vinsæll viðkomustaður ferðamanna, (c) býr yfir miklum mannauði, menningarauði, félagsauði og náttúruauðlindum sem er haganlega stjórnað og (d) hluti af breiðari vinnumarkaði sem gefur kost á starfsþjálfun, færniöflun, sendingum á peningum milli landa og svo framvegis. Og svo er það spurningin um lýðræði, sem ég mun ræða núna.

Bankarnir á Barbados

Ég er ekki að skipta um umræðuefni, en ég var staddur í Calgary við rætur Klettafjalla, Kanadamegin, í boði heimamanna af íslenskum ættum, að halda fyrirlestur um hrun fjármálakerfisins á Íslandi 2008. Þetta var árið 2009.

Meðan á fyrirlestrinum í Calgary stóð fannst mér ég verða að útskýra fyrir áheyrendum að mér sýndist smæð Íslands ekki vera líkleg ástæða hrunsins. Ég gerði mér ljóst að það væri ekki góð hugmynd, líkt og ég hafði oft gert áður við svipaðar aðstæður, að taka Ísland sem dæmi og segja: Smátt er fallett (e. Small is beautiful). Meðan ég flutti fyrirlesturinn var Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn í miðjum neyðarbjörgunarleiðangri á Íslandi sem var jafnframt fjármagnaður af skattgreiðendum á Norðurlöndum, í Póllandi og Færeyjum. Bankarnir höfðu með glæpsamlegum hætti valdið lánveitendum sínum, hluthöfum og viðskiptavinum áður óþekktum skaða, miðað við stærð landsins, líkt og fram kom í Rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið og mörgum dómum Hæstaréttar. Að hrósa Íslandi hefði því ekki fallið í frjóan svörð við þessar aðstæður. Áheyrendur mínir hefðu hætt að hlusta. Ég tók því dæmi af öðru landi, Barbados, fullvalda eyþjóð með 300 þúsund íbúa í austanverðu Karíbahafi. Ég hafði komið þar tvisvar sinnum.

Í stuttu máli, þá hefur Barbados farnast vel þrátt fyrir lítinn íbúafjölda. Landið hafði verið bresk nýlenda í yfir 300 ár og náði sjálfstæði árið 1966. Flestir íbúanna eru afkomendur afrískra þræla sem voru fluttir til Barbados til að vinna á breskum sykurplantekrum. Útflutningur á sykri var löngum hryggjarstykkið í efnahag eyjarinnar, en hann dalaði skömmu eftir sjálfstæðið. Ferðamannaíðnaður hefur æ síðan verið lifibrauð íbúanna. Lífsgæði tóku stórstígum framförum, langt umfram lífsgæði á Míritíus (1,3 millj. íb.), annarri sólríkri eyju þar sem sykurútflutningur hafði vikið fyrir erlendum

ferðamönnum. Ekki nóg með það: Íbúar Barbados lifa næstum eins lengi og Bretar að meðaltali, 78 ár borið saman við 81 árs meðalævilengd í Bretlandi, sjálfu móðurlandinu.

Barbados býr að styrkum innviðum sem eyjan fékk í arf frá Bretum: Óskorað lýðræði, frjálsa fjölmiðla, óspillt réttarkerfi og ekkert kjaftæði. Árið 2023 gaf Freedom House Barbados fleiri stig fyrir lýðræði en Bretlandi, 95 stig á móti 93. Stjórnvöld á Barbados hafa fylgt heillavænlegri efnahagsstefnu í áratugi, haldið verðbólgu niðri sem og fátækt. Barbadosum hefur tekist að halda verðgildi barbadoska dollarans stöðugu síðan 1975; tveir Barbados-dollarar jafngilda tveimur bandarískum. Þannig hafa þeir getað afpakkað boð nærliggjandi eyja um aðild að sameiginlegri mynt með því að taka upp austur-karabíska dollarann, með 100-dollara seðil skreyttum Elísabetu Englandsdrottningu á framhlið og þróunarhagfræðingnum Sir Arthur Lewis á bakhlið, eina hagfræðingnum fyrir utan Adam Smith sem hefur hlotnast slíkur heiður. Þjóðir sem hafa stjórn á gjaldmiðli sínum hafa enga þörf fyrir að taka upp sameiginlega mynt með öðrum.

Þegar ég hafði leikið listir mínar og útlistað fegurð hins smáa á Barbados rétti silfurhærð kona aftarlega í salnum upp hönd og sagði: „Prófessor, mér sýnist að þér gæti hafa yfirsést mikilvægt atriði.“ Hjarta mitt tók kipp. Konan hélt áfram: „Bankarnir á Barbados hafa alltaf verið kanadískir.“

Þetta var rétt hjá henni. Mér hafði yfirsést þetta mikilvæga atriði.

Allar götur síðan hef ég sagt söguna af Barbados með þessari mikilvægu viðbót um bankana. Kanada býr vissulega að stöndugu bankakerfi undir styrkri stjórn. Ekki aðeins sneyddi fjármálakreppan 2007-2008 hjá Kanada heldur líka kreppan mikla 1929-1939. Örfáir litlir bankar fóru í þrot, það var allt og sumt.

Efnahagur Barbados óx hröðum skrefum frá 1990 til 2008 en staðnaði eftir það og eins og mörg önnur ríki stóð landið í ströggli við að ná sér á ný eftir hina alþjóðlegu fjármálakreppu. Meðan á þessu stóð hafði Míritíus, með forsjalli efnahagsstefnu og agaðri fjármálastjórn, náð að vaxa áfram eftir að hafa brotist úr veikri byrjunarstöðu og verða sú skínandi stjarna í Afríku sem landið er í dag (Frankel, 2014). Kaupmáttur þjóðartekna á mann á Barbados var 90% meiri en á Míritíus árið 1990 en 60% minni árið 2022. Á Míritíus er gott bankakerfi með innlendum og erlendum bönkum. Bæði löndin hafa að hluta til blómstrað vegna þess að þau standa traustum fótum sem lýðræðisríki.

Fyrri athugun

Fyrir um aldarfjórðungi tók ég til athugunar tilgátuna um heppilegasta íbúafjölda lands — kenninguna um krítískan massa, það er tilgátuna um að tilhneigingin væri sú að örríkjum farnaðist yfirleitt síður vel en fjölmennari ríkjum — og bar saman við tölulegar staðreyndir með formlegum tölfræðiþrófum. Ég var rekinn áfram af röksemdum og sögusögnum eins og þeim sem raktar voru hér að framan. Þetta gerði ég með því að bera efnahag 26 eyríkja, með íbúafjölda frá 100 þúsundum til 1,3 milljóna, saman við heiminn í heild, viðmiðunarhóp sem samanstóð af öllum 207 ríkjunum sem þá áttu aðild að Alþjóðbankanum. Ég greindi frá niðurstöðunum í nokkrum fyrirlestrum, þar á meðal í erindi hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel og á alþjóðlegri ráðstefnu í Harvard-háskóla, og stuttri tímaritsgrein (Þorvaldur Gylfason, 2009).

Ég komst að því að í úrtakinu með örríkjunum reyndust þjóðartekjur á mann að meðaltali 40% hærri árið 1999 og meðalævin reyndist vera sex árum lengri en í heiminum í heild. Ekki var greinanlegur munur á vexti þjóðartekna á mann í ríkjahópunum tveimur á árabílinu 1960 til 1999. Gögnin sýndu enn fremur að árin 1960-1999 voru örríkin yfirleitt opnari fyrir utanríkisverslun en önnur lönd, fleira ungt fólk úr hverjum árgangi fór þar í framhaldsskóla og ríkin veittu meiru opinberu fé í menntun og fjárfestu meira í tækjum og búnaði miðað við þjóðartekjur. Niðurstöðurnar voru að mestum hluta tölfræðilega marktækar. Mér sýndust þær sannfærandi því verslun, menntun og fjárfesting eru mikilvægar undirstöður hagvaxtar.

Þessar niðurstöður virtust koma heim og saman við hugmyndina um að örríki þyrftu að veita upp á móti ókostum smæðar sinnar, svo sem takmörkuðuðum möguleikum til efnahagslegrar fjölbreytni, með víðtækum viðskiptum við önnur lönd. Niðurstöðurnar voru aðrar en hjá Armstrong o.fl. (1998), sem voru þær að „Sá hópur örríkja heimsins, skilgreindur sem þau [105 ríki] sem eru með íbúafjölda undir þremur milljónum, sýnir í raun jafnmikla dreifingu varðandi verga landsframleiðslu og verga þjóðarframleiðslu á hvern íbúa og lönd heimsins í heild.“

Meðal annarra niðurstæðna sem ég komst að í þessari fyrri athugun minni var að á árunum 1960-1999 voru opinber útgjöld í örríkjunum meiri og hernaðarútgjöld minni, að meðaltali miðað við þjóðarframleiðslu, borið saman við heiminn í heild. Þetta kemur heim og saman við þá hugmynd að það kosti meira að veita opinbera þjónustu í smáum ríkjum og að varnir kosti minna í litlum eyríkjum, sérstaklega ef þau eiga örláta vini og nágretta. Ég komst einnig að því að í örríkjunum var hlutur landbúnaðar stærri í

þjóðarframleiðslunni og hlutur tæknivara í heildarútflutningi að meðaltali minni en í ríkjum heimsins í heild. Þetta útaf fyrir sig gefur til kynna að smæð sé ekki einhlít ávísun á hagvöxt.

Ný gögn, víðari sýn

Nú er tímabært að ég greini frá niðurstöðum mínum varðandi tilgátuna um heppilegasta íbúafjölda lands í ljósi nýrra gagna og breyta og nútímakenninga um hagvöxt, sem voru að slíta barnsskónum fyrir aldarfjórðungi, til að sjá hvort fyrri niðurstöður mínar hafi staðist áraun tímans.


Ég vil byrja með því að sýna punktarit fyrir íbúafjölda og verga landsframleiðslu á hvern íbúa í Bandaríkjadöllum í þeim 204 ríkjum, stórum og smáum, sem skiluðu talnagögnum til Alþjóðabankans fyrir árið 2022. Mynd 1 sýnir náttúrulega lógaritma á báðum ásum. Það sem þið sjáið er niðurhallandi aðhvarfslína í gegnum punktaskarann með marktækt neikvæðan halla upp á $-0,20$ ($t = 4,9$). Ef þetta er túlkað eins og það kemur fyrir, þá gefur punktaritið til kynna að tvöföldun íbúafjöldans í meðallandi haldist í hendur við 20% samdrátt vergrar landsframleiðslu á mann sem staðbundin nálgun. Og það sem ef til vill er enn mikilvægara er að myndin sýnir að örríki eru ekki dæmd til efnaleysis. Neðri hlutinn vinstra megin á myndinni inniheldur fáa punkta. Þau þrjú ríki sem táknuð eru með stækkuðum punktum eru, talið frá vinstri til hægri, Færeyjar, Ísland og Danmörk.

Tölurnar á mynd 1 sýna verga landsframleiðslu, ekki kaupmátt vergrar landsframleiðslu. Umbreyting á tölum um landsframleiðslu með reikningsstuðli Alþjóðabankans fyrir kaupmáttarjafnvægi (PPP) minnkar úrtakið um 11, úr 204 löndum í 193. Það stafar af því að PPP-leiðréttar tölur fyrir landsframleiðslu eru ekki tiltækar fyrir þessi 11 lönd, þar á meðal sex af þeim örríkjum sem hér eru til skoðunar.

Mynd 2 sýnir punktarit fyrir íbúafjölda og kaupmátt vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa í Bandaríkjadöllum í þeim 193 ríkjum sem við höfum upplýsingar um. Eini munurinn á myndunum tveimur er sá að mynd 2 nær yfir færri lönd vegna þess að þar höfum við PPP-leiðréttu landsframleiðslu á hvern íbúa á lárétta ásnum, ekki landsframleiðsluna á hvern íbúa óleiðréttu eins og á mynd 1. Við höfum enn aðhvarfslínu sem hallar niður á við í gegnum punktaskarann, en núna með mun minni og varla marktækum neikvæðum halla upp á $-0,07$ ($t = 1,8$) borið saman við mynd 1.

Þetta misræmi á milli myndanna tveggja er ef til vill skiljanlegt í ljósi þeirrar staðreyndar að sex af 11 ríkjum, 5% af stærra úrtakinu á mynd 1, sem þurfti að sleppa vegna skorts á upplýsingum, tilheyra þeim örríkjum sem við ætlum að líta á núna.

Mynd 1: Verg landsframleiðsla (VLF) á íbúa og íbúafjöldi í 204 ríkjum, 2022



Heimild: Útreikningar höfundar, byggðir á tölum frá Alþjóðabankanum, World Development Report 2023.


Lítum nú á úrtak 33 lítilla eyríkja með íbúafjölda frá 50 þúsundum — talan hans Platós! — til einnar milljónar og berum þau saman við heiminn í heild, þau 217 ríki sem eiga aðild að Alþjóðabankanum.

Þetta þýðir að Færeyjar og Grænland eru nú með í úrtakinu en voru það ekki í fyrri umferð vegna þess að þá var lágmarksíbúafjöldi miðaður við 100 þúsund. Það var ekki heldur hægt að hafa þau með á mynd 2. Eins og áður eru aðeins örríki í hópi eyríkja tekin til athugunar.⁵ Þetta þýðir að þeim ríkjum í þessum flokki sem eru landlukt er sleppt. Sum þessara smárikja eru fullvalda en flest eru það ekki. Þau búa öll við umtalsverða

⁵ Löndin 33 eru Antígva og Barbúda, Arúba, Bahamaeyjar, Bandarísku Jómfrúaeyjar (eða Meyjaeyjar), Barbados, Bermúda, Caymaneyjar, Channel Islands (sem kalla mætti Sundaeyjar), Curacao, Dóminíka, Fídjieyjar, Franska Pólýnesía, Færeyjar, Grenada, Grænhöfðaeyjar, Grænland, Gvam, Ísland, Kiribati, Kómoreyjar, Maldíveyjar, Malta, Míkrónesía, Mön, Nýja Kaledónía, Salómonseyjar, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Seychelleseyjar, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Tonga og Vanúatú. Kýpur og Míritíus voru tekin með í fyrri umferð, en eru ekki tekin með hér vegna þess að íbúafjöldi þeirra er yfir einni milljón.

sjálfstjórn. Af ríkjunum 33 í úrtakinu binda fimmtán gengi gjaldmiðla sinna eða festa við Bandaríkjadollar, átta við evru (þar á meðal Færeyjar og Grænland) og önnur átta við aðra gjaldmiðla. Tvö ríki notast við fljótandi gjaldmiðla (Ísland og Seychelleseyjar).

Mynd 2: Kaupmáttur VFL á íbúa og íbúafjöldi í 193 ríkjum, 2022



Heimild: Útreikningar höfundar, byggðir á tölum frá Alþjóðabankanum, World Development Report 2023.

Spurningin um efnahagslega og samfélagslega þróun smáríkja er mikilvæg. Ef gögn gefa til kynna að örríkjum hafi ekki farnast eins vel og stærri ríkjum, ættu þau þá ef til vill að hugsa sig um tvisvar áður en þau krefjast sjálfstæðis?

Ég hef þegar svarað þeirri spurningu afdráttarlaust neitandi með þeim rökum að öll lönd, rík jafnt sem fátæk, sækjast eftir frelsi og sjálfstæði á svipaðan máta og ungt fólk lýsir yfir sjálfstæði með því að yfirgefa æskuheimili sín og stofna eigin heimili, alla jafna án tillits til efnahagslegrar stöðu sinnar. Ef það reynist svo að örríkjum hafi farnast síður vel en hinum stærri væri nærtækara svar við því, að mínu viti, að þau leituðust við að stækka, líkt og Einar Benediktsson lagði til á Íslandi á sinni tíð, en það er önnur saga.

Tafla 1 dregur saman meginniðurstöður þessa samanburðar.

Tafla 1. Staða örsmárna eyríkja

	VLF á mann 2021 (BNA-dalir)	Ævilengd 2021 (ár)	Útflutningur vöru og þjónustu 2021 (% af VLF)	Framhaldsskólasókn 2000-2018 (% af árgangi)	Fjárfesting 2021 (% af VLF)	Landbúnaður, skógarhögg og fiskveiðar 2021 (% af VLF)	Netnotkun 2021 (% af mannfjölda)
33 örríki	22,857*	74.7*	37.9	69.9	26.2	2.2*	73.1*
Heimur	12,237	71.3	28.9	61.3	26.9	4.3	63.1

Heimild: Útreikningar höfundar byggðir á gögnum frá Alþjóðabankanum, World Development Report 2023.

Athugasemd: Stjórnur auðkenna tölfræðilega marktæk frávík frá heimsmeðaltali. Breytan fyrir framhaldsskólasókn er á mörkum þess að vera marktæk með $z = 1,93$. Fyrir útflutning er $z = 1,33$. Úrtaksstærðin 33 ræður því að notað er z-próf frekar en t-próf, sem hentar fyrir smærri úrtök í óparametrískum (e. nonparametric) samanburði.

Hærri tekjur, lengra líf

Þjóðartekjur á mann í örríkjum í úrtakinu eru núna að meðaltali næstum 90% hærri borið saman við heiminn í heild. Örríkin hafa aukið forskot sitt frá fyrri athugun, þegar munurinn var 40% þeim í hag. Þessar tölur um tekjur endurspeglar þjóðarframleiðslu, ekki kaupmátt hennar, þar eð leiðréttingar fyrir kaupmætti eru ekki aðgengilegar fyrir sex af örríkjunum.⁶

Hagtölum þurfa að fylgja viðeigandi félagsleg talnagögn, sem stundum gefa betri mynd af ástandi mála. Íbúar örríkjanna í úrtaki okkar njóta ekki aðeins hærri tekna heldur einnig lengra lífs: Þeir lifa meira en þremur árum lengur að meðaltali en íbúar heimsins alls. Bilið hvað varðar ævilíkur hefur þó minnkað frá fyrri athugun því ævilíkur við fæðingu hafa aukist umtalsvert víðast hvar í heiminum.

Örríkin eru opnari fyrir utanríkisverslun en önnur lönd yfirleitt. Það er að segja, útflutningur á vöru og þjónustu er herra hlutfall af framleiðslu þeirra borið saman við lönd heimsins í heild. Af þessu er augljóst að örríki nýta sér utanríkisverslun til að bæta upp fyrir annmarka smæðar sinnar.

Samanburðurinn sýnir einnig að í smáríkjunum sækir herra hlutfall hvers árgangs ungmenna framhaldsskóla en tíðkast í heiminum í heild. Þetta styrkir einnig stöðu smáríkjanna. Hins vegar er fjárfesting í örríkjum ekki meiri en annars staðar.

⁶ Í fyrri athugun voru tekjur á mann leiðréttar fyrir kaupmætti. Gögnin lágu fyrir á þeim tíma.

Í stuttu máli, þá hafa örríkin yfirhöndina í utanríkisviðskiptum og menntun en ekki fjárfestingum.

Örríkjunum hefur almennt tekist betur upp við að innleiða nútímalega lífshætti. Þau hafa gengið lengra í að draga úr landbúnaði í efnahagslífi sínu til að rýma fyrir iðnaði, verslun og þjónustu, sem ýta venjulega undir hagvöxt fremur en landbúnaður. Þau hafa líka lagt sig meira fram við að tileinka sér nútíma tölvutækni og internetið.

Lýðræði, gegnsæi, lög og réttur, jöfnuður

Tafla 2 sýnir að lýðræði stendur að meðaltali styrkari fótum í örríkjum í úrtaki okkar en á við um heiminn í heild. Freedom House fylgist með 21 ríki af þeim 33 örríkjum sem við höfum til skoðunar og meðaltal stiga þeirra fyrir lýðræði er 80,7 af 100 mögulegum borið saman við 59,3 fyrir heiminn í heild, 195 ríki. Stigagjöfin fyrir frjálslynt lýðræði hjá Lýðræðisstofnuninni (e. Institute for Democracy) við Gautaborgarháskóla er í samræmi stigagjöfina hjá Freedom House. Meðaltal stiga fyrir lýðræði í örríkjunum 11 sem gögn frá Lýðræðisstofnuninni ná yfir er 0,53 borið saman við 0,40 í heiminum í heild, 178 ríki. Lýðræðisvísitalan nær frá núlli (einræði) upp í einn (lýðræði). Örríkin hafa yfirhöndina.

Tafla 2. Lýðræði í 33 örsmáum eyríkjum

	Freedom House (21 land)	Gautaborg (11 lönd)
33 örríki	80.7*	0.53*
Heimur	59.3	0.40

Heimild: Útreikningar höfundar byggðir á gögnum frá Freedom House og Gautaborgarháskóla.

Athugið: Stjörnur auðkenna tölfræðilega marktæk frávík frá heimsmeðaltali.

Hvað með spillingu? Transparency International raðar 180 löndum eftir upplifun á spillingu innan þeirra. Gögn frá Transparency International ná aðeins yfir 16 af þeim 33 örríkjum sem eru til skoðunar. Af þeim eru 15 minna spillt en ríki heimsins í heild að meðaltali, í þeim skilningi að þau eru í 90. sæti eða ofar. Eina undantekningin er Kómoreyjar (167. sæti).

Á vegum samtaka bandarískra lögfræðinga, American Bar Association, birtir World Justice Project árlega stigagjöf fyrir lög og rétt í ríkjum heimsins, nú 126 lönd, þar á meðal átta örsmá eyríki af þeim 33 sem eru til skoðunar. Þessi átta örsmáu eyríki fá

að meðaltali 6,2 stig samanborið við 5,5 stig að meðaltali í öllum ríkjunum 126 í úrtakinu. Eina ferðina enn hafa örríkin yfirhöndina.

Tiltæk gögn um tekjuskiptingu eru ófullkomin en hafa skánað og ná nú, með ýmsum gloppum, yfir 15 af þeim 33 örríkjum í úrtaki okkar og 161 ríki af þeim heildarfjölda ríkja sem var til staðar á árunum 2000-2021. Meðaltal Gini-stuðulsins fyrir ójöfnuð í tekjuskiptingu í þessum 15 örríkjum er 38,5 á þessu 21 árs tímabili, hið sama og meðaltalið í öllum ríkjunum 161. Til samanburðar, þá er Gini-stuðullinn í Danmörku, Frakklandi og Bandaríkjunum 26,9, 32,0 og 40,8 á sama tímabili. Þetta bendir til þess að örríkin séu ekki til fyrirmyndar þegar litið er til jafnaðar.

Þessar niðurstöður varðandi lýðræði, gegnsæi, lög og rétt og jöfnuð má almennt líta á sem góðar fréttir fyrir örríkin því allt fernt glæðir trúlega hagvöxt og bætir lífskjör til lengri tíma litið. Ekki var hægt að nota þessa vísa í samanburðinum fyrir 25 árum vegna þess að talnagögnin sem til þurfti voru ekki enn tiltæk. Jafnvel enn í dag eru gögn um traust á stofnunum sem og traust á milli fólks ekki tiltæk fyrir eitt einasta örríki sem hér er til skoðunar, nema Ísland. Sem stendur er því ekki hægt að segja neitt um traust í örríkjum borið saman við heiminn í heild. Þetta skiptir máli vegna þess að traust skiptir sköpum fyrir félagslega samheldni, sem aftur glæðir vöxt og viðgang efnahagslífsins og lyftir lífskjörum almennings.

Við opnar dyr og glugga

Kostnaður og hagræði af stærð þjóða skiptir máli.

Kannanir gefa til kynna að skoðanir séu enn skiptar meðal Færeyinga um það hvort tímabært sé fyrir þá að stíga það skref sem Íslendingar stígu 1944, þegar við stofnuðum lýðveldi og lýstum yfir fullu sjálfstæði frá Danmörku. Fjöldi íbúa í Færeyjum er minni núna en hann var á Íslandi á þeim tíma. Örmsæð hefur vissa vankanta, það er rétt, líkt og ég hef rætt hér, en það eru vel þekktar leiðir til að sigrast á þeim með góðum tengslum og víðtækri verslun við önnur ríki, við opnar dyr og glugga. Með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem ég hef greint frá hér tel ég að Færeyingar þurfi ekki að hafa áhyggjur af fullu sjálfstæði, að því tilskildu að þeir geri allt sem hægt er til að annast sín mál af kostgæfni. Svo það sé sagt einu sinni enn, þá ákveða þjóðir að lýsa yfir sjálfstæði fyrst og fremst af samfélagslegum og menningarlegum ástæðum sem og sögulegum og landfræðilegum, fremur en af efnahagsástæðum, rétt eins og ungt fólk þegar það flytur með glöðu geði að heiman.

Jafnvel þótt þessi samanburður og hinn fyrri hefðu leitt til þeirrar niðurstöðu að ókostirnir við örríki vægju þyngra en kostirnir og stæðu velmegun og tækifærum fólks fyrir þrifum, myndu flestir Íslendingar aldrei láta sér detta í hug að skila lyklunum aftur til Kaupmannahafnar. Sama hvað. Ég tel að rétta svarið við slíkri niðurstöðu, myndi hún birtast í tölfræðilegum athugunum, væri að snúa vörn í sókn, stækka landið og efla sjálfstæði okkar fremur en að gefast upp á því.

Svo ég umorði að endingu hugsun Winstons Churchill: Besta leiðin til að efla sjálfstæði ríkis er að deila því með öðrum. Til dæmis með aðild að Evrópusambandinu.

Þetta eru aðeins vangveltur. Niðurstöðurnar sem kynntar voru hér gefa til kynna að örríki, fullkomlega sjálfstæð eða ekki, geta blómstrað og gera það iðulega.

Tilvísanir

Alesina, Alberto, og Enrico Spolaore (2003), *The Size of Nations*, MIT Press.

Armstrong, H., R. J. de Kerenaol, Xiao-Ming Li, og Robert Read (1998), „A Comparison of the Economic Performance of Different Micro-states, and Between Micro-states and Larger Countries“, *World Development* 26(4), bls. 639-656.

Frankel, Jeffrey A. (2012), „What Small Countries Can Teach the World“, Faculty Research Working Paper Series RWP12-013, Harvard Kennedy School, April.

Frankel, Jeffrey A. (2014), „Mauritius: African Success Story“, NBER Chapters, in: *African Successes*, Volume IV: Sustainable Growth, bls. 295-342, National Bureau of Economic Research, Inc.

Gíslason, Gylfi Þ. (1984), „In Defense of Small Nations“, *Daedalus* 113(1), The Nordic Enigma (Winter), bls. 199-211.

Gylfason, Þorvaldur (2009), „Is Iceland too small?“, *VoxEU*, 19 August.

Jacobsen, Jóannes, og Stefan i Skorini (2010), *Á veg móti einum sjálfberandi búskapi – Frágreiðing um búskaparpolitiskar forðingar og möguleikar*, Norðuratlantsbólkurin.

Logason, Þorvaldur (2023), *Eimreiðarelítan — Spillingarsaga*, Steinason, Reykjavík.

Spence, M., o.fl. (2008), *The Growth Report: Strategies for Sustained Growth and Inclusive Development*, Commission on Growth and Development, World Bank, Washington, D.C.

Wicksell, Knut (1926), *Läran om befolkningen: dess sammansättning och förändringar: (The Theory of Population, Its Composition and Changes)*, 2. útg., Bonnier, Stockholm.

Til í enskri þýðingu í Strøm, Steinar, og Björn Thalberg (eds.) (1979), *The Theoretical Contributions of Knut Wicksell*, Palgrave Macmillan, London.